

Öryggisblað (SDS)

Samkvæmt reglugerð Nr. 888/2015 (EB reglugerð 1907/2006 REACH)

1. Auðkenning efnisins eða blöndunnar og félagsins eða fyrirtækisins

1.1 Vörukenni:

Dísilhreinsiefni 500ml

Vörunúmer:

LM2813

1.2 Viðeigandi og tilgreind notkun efnis eða blöndu og notkun sem ráðið er frá:

Viðeigandi notkun

Bætiefni í dísilolíu.

Notkun sem ráðið er frá

Engar upplýsingar fyrirbyggjandi.

1.3 Söluaðili:

Stilling ehf**Framleiðandi:**

LIQUI MOLY GmbH

Kletthálsi 5

Jerg-Wieland Strasse 4

110 Reykjavík

D-89081 Ulm-Lehr

Sími:

5208000

Þýskaland

Netfang:

stilling@stilling.is

00-49-731-1420-0

Veffang:

www.stilling.isinfo@liqui-moly.dewww.liqui-moly.de

1.4 Neyðarsímanúmer:

Eitrunarmiðstöð LSH veitir upplýsingar allan sólarhringinn um viðbrögð við slysum með hættuleg efni. Sími 543 2222. Neyðarlínan, lögregla, slökkvilið, sjúkraflutningar; sími 112.

2. Hættugreining

2.1 Flokkun efnisins eða blöndunnar:

Flokkun skv. reglugerð EB 1272/2008 (CLP):

H304

Getur verið banvænt við inntöku ef það kemst í öndunarveg

Eit.v.ásveig.1

H412

Skaðlegt lífi í vatni, hefur langvinn áhrif

Langv.eit.á vatn 3

2.2 Merkingaratriði:

Merking skv. reglugerð EB 1272/2008 (CLP):

Hættumerki:



Viðvörðunarorð:

HÆTTA

Hættusetningar

H304

Getur verið banvænt við inntöku ef það kemst í öndunarveg

H412

Skaðlegt lífi í vatni, hefur langvinn áhrif

EUH044

Sprengifímt við hitun í lokuðu rými

EUH066

Endurtekin snerting getur valdið þurri eða sprunginni húð

Varnaðarsetningar

P101

Ef leita þarf læknis skal hafa ílát eða merkimiða tiltæk.

P102

Geymist þar sem börn ná ekki til

P301+P310+P331

EFTIR INNTÖKU: Hringið umsvífalaust í EITRUNARMÍÐSTÖÐ/lækni.

Ekki framkalla uppköst.

P405

Geymist á læstum stað.

P501

Fargið innihaldi/ílati hjá viðurkenndri spilliefnamóttöku.

Inniheldur

Vetniskolefni, C10-C13, n-alkanar, ísóalkanar, hingsambönd, arómatar <2%,

2.3 Aðrar hættur:

Sjá einnig 11. og 15. lið.

Varan inniheldur engin efni sem flokkast sem PBT eða vPvB.

(PBT: Þrávirkt, safnast upp í lífverum, eitrað. vPvB: Afar þrávirkt, safnast mjög fyrir í lífverum).

3. Samsetning innihaldsefna / upplýsingar um innihaldsefni

3.1 Efni: Á ekki við

3.2 Blöndur:

Vetniskolefni, C10-C13, n-alkanar, ísóalkanar, hingsambönd, arómatar <2%			
Skráningarnúmer ECHA	01-2119457273--39	Innihald %	80 - < 100
Raðnúmer	-	Varnaðarmerki:	Xn
EINECS, ELINECS	918-481-9	H-setningar	H10, H65
CAS	-	Flokkun, hættumerking	Hættulegt heilsu
Hættuflokkun/Hættusetningar (CLP)			
Eit.v.ásvelg.1 - H304			

2-Etylhexýlnítrat			
Skráningarnúmer ECHA		Innihald %	5 - 15
Raðnúmer	-	Varnaðarmerki:	Xn, N
EINECS, ELINECS	248-363-6	H-setningar	H20/21/22, H44, H51, H53, H66
CAS	27247-96-7	Flokkun, hættumerking	Hættulegt heilsu, Hættulegt umhverfinu
Hættuflokkun/Hættusetningar			
Bráð eit.4 - H302, Bráð eit.4 - H312, Bráð eit.4 - H332, Langv.eit.á vatn 2 - H411			

Vetniskolefni C10, arómatar, >1% naftalen			
Skráningarnúmer ECHA	01-2119463588-24	Innihald %	0,1 - < 1,0
Raðnúmer	-	Varnaðarmerki:	N, Xn
EINECS, ELINECS	919-284-0	H-setningar	H51/53, H65, H66, H67
CAS	64742-94-5	Flokkun, hættumerking	Hættulegt heilsu, Hættulegt umhverfinu,
Hættuflokkun/Hættusetningar (CLP)			
Eit.v.ásvelg.1 - H304, SEM-VES 3 - H336, Krabb.2 - H351, Langv.eit.á vatn.2 - H411			

Sjá texta H-setninga í 16. lið. Sjá flokkun efnisins í 2. lið. Takmörkunarfærðbreytur í 8. lið.

4. Ráðstafanir í skyndihjálpi

4.1 Lýsing á ráðstöfunum í skyndihjálpi:

Almennt	Kannið öndun og önnur einkenni á hinum slasaða. Tryggið að öndunarvegur sé opin. Haldið hinum slasaða rólegum og heitum og undir eftirliti. Leitið lækni/bráðamóttöku, ef vafi er um ástand hins slasaða. Við meðvitundarleysi skal leggja í læsta hliðarlegu og leita lækni.
Innöndun	Tryggið ferskt loft. Leitið lækni ef einkenni hverfa ekki fljótt. Meðhöndlun eftir einkennum.
Snerting við húð	Hreinsið húð strax vandlega með miklu vatni. Fjarlægið mengaðan fatnað og skó, og hreinsið vandlega áður en notkun hefst að nýju. Leitið lækni verði vart við ertingu.
Snerting við augu	Skolið varlega með miklu vatni og haldið augum vel opnum. Fjarlægið augnlínsur fyrir skolun. Leitið lækni hverfi einkenni ekki fljótlega.
Inntaka	Skolið munn með vatni. Gefið mikið vatn að drekka. Framkallið ekki uppköst. Leitið strax lækni. Ásvelgingarhætta. Við uppköst skal halda höfði lágt svo efnið berist ekki í lungu.

4.2 Helstu skaðleg einkenni og áhrif, bæði bráð og tafir:

Sjá lýsingu í lið 11. Birtingu einkenna getur seinkað um allmargar klukkustundir.
Helstu einkenni: Affitar húð, veldur þurrki og sprungum, við inntöku lungnaskaði, lungnabjúgur.

4.3 Upplýsingar um tafarlausa lækniúmmönnun og sérstaka meðferð sem þörf er á:

Magadæling/skolun aðeins með slöngu. Fylgist með lungnabólgu einkennum.

5. Ráðstafanir vegna slökkviaðgerða

5.1 Slökkvibúnaður:

Hentugur slökkvibúnaður:	Koldíoxíð, slökkvifuft, froða. Kælið umbúðir með vatnsúða.
Óhentugur slökkvibúnaður:	Beinn vatnsgeisli.

5.2 Sérstakar hættur af völdum efnisins eða blöndunnar:

Við bruna geta myndast: kolmónoxíð, koldíoxíð, nitroxíð, vetniskolefni, eitruð niðurbrotsefni.
Gufa er þyngri en loft og liggur með gólfi. Sprengifimar blöndur með lofti.

5.3 Ráðgjöf fyrir slökkviliðsmenn:

Forðist innöndun gufu og reyks við bruna. Notið sjálfstæðan öndunarbúnað og fullan hlífðarfatnað við mikinn eldsvoða. Hreinsið upp efni frá slökkvistarfi og mengað vatn skv. 6.lið og fargið skv.13.lið.

6. Ráðstafanir ef efni fer óvart til spillis eða er losað fyrir slysn

6.1 Öryggisráðstafanir fyrir fólk, hlífðarbúnaður og neyðarráðstafanir:

Tryggið góða loftræstingu. Forðist innöndun og snertingu við húð og augu. Rýmið mengað svæði. Fjarlægið alla eld- og neistagjafa. Reykið ekki. Varan getur myndað hálkubletti. Varist uppsöfnun gufu í lágt liggjandi rýmum.

6.2 Varúðarráðstafanir vegna umhverfisins:

Stöðvið leka sé það unnt án áhættu. Forðist losun í niðurföll, jarðveg og vatnsumhverfi. Tilkynnið Umhverfisstofnun um mengunarslys.

6.3 Aðferðir og efni til afmörkunar og hreinsunar:

Gerið varnargarða og notið ísogsefni svo sem sand, kísilgúr eða jarðveg. Setjið í þar til gerð ílát og fargið sbr. 13.lið.

6.4 Tilvísun í aðra liði:

Sjá liði 8. og 13.

7. Meðhöndlun og geymsla

7.1 Varúðarráðstafanir um örugga meðhöndlun:

Tryggið góða loftræstingu. Forðist innöndun, inntöku og snertingu við húð og augu. Reykið ekki. Forðist myndun úða og upphitun að blossamarki. Fjarlægið eld- og neistagjafa. Losið ekki í niðurföll. Fylgið notkunarleiðbeiningum. Geymið ekki vætta klúta í vösum.

Gætið hreinlætis við meðferð efnavara. Hreinsið hendur í vinnuhléum og þegar vinnu er lokið. Geymið vöruna fjarri matvælum og dýrafóðri. Farið úr menguðum fatnaði og hlífðarbúnaði áður en komið er á svæði þar sem matar er neytt. Hreinsið vandlega áður en notkun hefst að nýju. Notið viðeigandi persónuhlífar, öndunarbúnað, hanska/klæðnað, augn- og andlitshlífar.

7.2 Örugg geymsluskilyrði, þ.m.t. vegna mögulegs ósamrýmanleika:

Geymið ekki á gönguleiðum eða stigum. Geymið í vel luktum upprunalegum umbúðum á köldum, þurrum, vel loftræstum stað. Gólf ætti að vera leysiefnað. Geymið fjarri beinu sólarljósi, háu hitastigi og oxurum.

7.3 Sértek, endanleg notkun:

Sjá lið 1.2

8. Váhrifavarnir / persónuhlífar

8.1 Takmörkunarfæribreytur:

Efni:	8 klst ppm	8 klst mg/m3	Þakgildi 15mín ppm	Þakgildi 15mín mg/m3	Annað
Vetniskolefni, C10-C13, n-alkanar, ísóalkanar, hring sambönd, arómatar <2%		800			WEL
Vetniskolefni C10, arómatar, >1% naftalen		500			WEL

WEL = Work Exposure Limit - Langtíamörk váhrifa (8 klst/dag).

2-Etýlhexýlnítrat					
Notkunar svið vöru	Snertileið	Lýsing áhrifa	Mæliaðferð	Gildi	Eining
Atvinnutengt	Fólk, ísog um húð	Langtíma	DNEL	1	mg/kg líkamsþ/d
Atvinnutengt	Fólk, ísog um húð	Langtíma, staðbundið	DNEL	0,044	mg/cm2
Atvinnutengt	Fólk, innöndun	Skammtíma	DNEL	0,35	mg/m3
Neytendatengt	Fólk, inntaka	Langtíma	DNEL	0,025	mg/kg líkamsþ/d
Neytendatengt	Fólk, ísog um húð	Langtíma	DNEL	0,52	mg/kg líkamsþ/d
Neytendatengt	Fólk, ísog um húð	Langtíma, staðbundið	DNEL	0,022	mg/cm2
Neytendatengt	Fólk, innöndun	Langtíma	DNEL	0,087	mg/m3
	Umhverfi, sjór		PNEC	0,08	mg/l
	Umhverfi, ferskvatn		PNEC	0,8	mg/l
	Umhverfi, set		PNEC	0,00074	mg/kg þurr
	Umhverfi, jarðvegur		PNEC	0,00019	mg/kg þurr

Vetniskolefni C10, arómatar, >1% naftalen					
Notkunarsvið vöru	Snertileið	Lýsing áhrifa	Mæliaðferð	Gildi	Eining
Atvinnutengt	Fólk, ísog um húð	Langtíma	DNEL	12,5	mg/kg/líkamsþ/d
Atvinnutengt	Fólk, innöndun	Langtíma	DNEL	150	mg/m3
Neytendatengt	Fólk, ísog um húð	Langtíma	DNEL	7,5	mg/kg/líkamsþ/d
Neytendatengt	Fólk, innöndun	Langtíma	DNEL	32	mg/kg þurrt
Neytendatengt	Fólk, inntaka		DNEL	7,5	mg/kg þurrt

8.2 Váhrifavarnir:

Tæknileg atriði	Notið einungis á stöðum með fullnægjandi loftræstingu. Notið lokuð kerfi, punktsog eða aðrar aðferðir til að halda styrk efnisins sem lægstum. Hreinsið húð vandlega (andlit, hendur, handarkrika) eftir meðhöndlun efnavara, áður en nokkurs er neytt, farið er á salerni, og þegar vinnu er hætt. Gætið varúðar þegar farið er úr menguðum fatnaði. Hreinsið mengaðan fatnað vandlega áður en hann er tekinn aftur í notkun. Sjáið til þess að augnskol og sturtur séu nærri vinnusvæði. Haldið vörunni fjarri matvörum.
Persónuhlífar	
Augnhlífar	Notið hlífðargleraugu af viðurkenndri gerð með hliðarvörn. (EN166)
Húð - hendur	Notið efnaþolna hlífðarhanska úr nitrílgúmmí. (EN374 >0,4 mm, gegnstreymistími >480 mín). Einnig má nota hanska úr Viton flúörgúmmí og PVA. Notið hanska ekki lengur en 50% af uppgefnum gegnstreymistíma. Notið verndarkrem á hendur. Athugið leiðbeiningar framleiðanda og gegnstreymistíma hanska. Skiptið oft um hanska.
Húð - annað	Mælt er með notkun langerma vinnufatnaðar og öryggisskófatnaðar. (EN20345).
Öndunarfæri	Sé loftræsting ófullnægjandi, notið viðurkennda öndunargrímu (heil- eða hálfgrímu) með síugerð A, litarkóði brúnn (EN14387). Athugið notkunartíma öndunarbúnaðar.

9. Eðlis- og efnafræðilegir eiginleikar

9.1 Upplýsingar um eðlis- og efnafræðilega grunneiginleika:

Eðlisástand:	Vökvi	
Lykt:	Einkennandi	
Litur:	Ljósbrúnn	
Suðumark:	180°C	
Blossamark:	63°C	
Lægri sprengimörk í lofti:	0,7%	(Vetniskolefni, C10-C13, n-alkanar, ísóalkanar, hringsambönd, arómatar <2%)
Hærri sprengimörk í lofti:	6,0%	(Vetniskolefni, C10-C13, n-alkanar, ísóalkanar, hringsambönd, arómatar <2%)
Eðlismassi gufu (loft=1):	>1	
Eðlismassi við 20°C:	0,816	g/cm ³
Leysanleiki í vatni:	Óleysanlegt	
Seigja við 40°C:	<7	mm2/s
Sprengifimi:	Varan er ekki sprengifim, en gufa getur myndað slíkar blöndur með lofti	
Oxandi eiginleikar:	Nei	

9.2 Aðrar upplýsingar:

10. Stöðugleiki og hvarfgirni

10.1 Hvarfgirni:	Varan hefur ekki verið prófuð.
10.2 Efnafræðilegur stöðugleiki:	Stöðugt við venjulegar notkunaraðstæður.
10.3 Möguleiki á hættulegu efnahvarfi:	Engin þekkt.
10.4 Skilyrði sem ber að varast:	Eldur, hátt hitastig, raki. Umbúðir geta sprungið við upphitun.
10.5 Ósamrýmanleg efni:	Sterkir oxarar.
10.6 Hættuleg niðurbrotsefni:	Við bruna geta myndast: kolmónoxíð, koldíoxíð, nituroxíð, eitruð niðurbrotsefni.

11. Eiturefnafræðilegar upplýsingar

11.1 Upplýsingar um eiturefnafræðileg áhrif:

Dísilhreinsiefni 500ml					
	Gildi	Niðurstaða	Eining	Dýrateg/Aðferð	Athugasemdir
Bráð eiturrif, inntaka	ATE	>2000	mg/kg		Reiknuð stærð
Bráð eiturrif, ísog um húð	ATE	>2000	mg/kg		Reiknuð stærð
Bráð eiturrif, innöndun	ATE	>20	mg/l/4 klst		Reiknuð stærð - gufa
Bráð eiturrif, innöndun	ATE	>5	mg/l/4 klst		Reiknuð stærð - úði

Vetniskolefni, C10-C13, n-alkanar, ísóalkanar, hring sambönd, arómatar <2%					
	Gildi	Niðurstaða	Eining	Dýrateg/Aðferð	Athugasemdir
Bráð eiturrif, inntaka	LD ₅₀	>5000	mg/kg	rotta	
Bráð eiturrif, ísog um húð	LD ₅₀	>5000	mg/kg	kanína	
Bráð eiturrif, innöndun	LC ₅₀	>4951	mg/l/4klst	rotta	
Ásvelgingarhætta		Já			
Helstu einkenni		Endurtekin snerting getur valdið þurri og sprunginni húð			

2-Etýlhexýlnítrat					
	Gildi	Niðurstaða	Eining	Dýrateg/Aðferð	Athugasemdir
Bráð eiturrif, inntaka	LD ₅₀	>9640	mg/kg	rotta	Hættulegt fólki skv.reynslu
Bráð eiturrif, ísog um húð	LDL ₀	4820	mg/kg	kanína	Hættulegt fólki skv.reynslu
Bráð eiturrif, innöndun	LDL ₀	>4,6	mg/l/1klst	rotta	Hættulegt fólki skv.reynslu
Húðæting/erting		Neikvætt. Endurtekin snerting getur valdið þurri og sprunginni húð			OECD 404
Alvarlegur augnskaði		Væg erting			OECD 405
Næming, húð eða öndunarfæri		Neikvætt			OECD 406
Stökkbreytingar kímfruma		Neikvætt			OECD 476
Eiturrif á æxlunarfæri	NOAEL	100	mg/kg		OECD 421

Vetniskolefni C10, arómatar, >1% naftalen					
	Gildi	Niðurstaða	Eining	Dýrateg/Aðferð	Athugasemdir
Bráð eiturrif, inntaka	LD ₅₀	>5000	mg/kg	rotta	OECD 401
Bráð eiturrif, ísog um húð	LD ₅₀	>2000	mg/kg	kanína	OECD 402
Bráð eiturrif, innöndun	LC ₅₀	>4688	mg/l/4klst	rotta	OECD 403
Húðæting/erting		Neikvætt. Endurtekin snerting getur valdið þurri og sprunginni húð			OECD 404
Alvarlegur augnskaði		Væg erting			OECD 405
Næming, húð eða öndunarfæri		Neikvætt			OECD 406
Ásvelgingarhætta		Já			
Næming, húð eða öndunarfæri		Neikvætt		hamstur	OECD 406

12. Vistfræðilegar upplýsingar

12.1 Eiturrif:

Dísilhreinsiefni 500ml					
	Gildi	Niðurstaða	Tími	Dýrategund	Aðferð
Þrávirkni og niðurbrot		Útfelling hugsanleg			
Annað		Inniheldur ekki AOX efni (lífræn efni með halógenum sem geta aðsogast)			

Vetniskolefni, C10-C13, n-alkanar, ísóalkanar, hring sambönd, arómatar <2%					
	Gildi	Niðurstaða	Tími	Dýrategund	Aðferð
Eiturrif	LL ₅₀	>1000 mg/l	96 klst	Fiskar	OECD 203
Eiturrif	EL ₅₀	>1000 mg/l	48 klst	Daphnia	OECD 202
Eiturrif	EL ₅₀	>1000 mg/l	72 klst	Þörungur	OECD 201

2-Etýlhexýlnítrat					
	Gildi	Niðurstaða	Tími	Dýrategund	Aðferð
Eiturrif	LC ₅₀	1,88 mg/l	96 klst	Fiskar	
Eiturrif	EC ₅₀	>12,6 mg/l	48 klst	Daphnia	
Eiturrif	IC ₅₀	>12,6 mg/l	72 klst	Þörungur	
Þrávirkni og niðurbrot		0%			Brotnar treglega niður
Uppsöfnun í lífverum	BCF	1332			Veruleg uppsöfnun
Uppsöfnun í lífverum		3,74-5,24			Veruleg uppsöfnun
Dreifanleiki í jarðvegi	LogKoc	4%			
Mat á PBT / vPvB					Flokkast ekki sem slíkt
Annað	AOZ	0%			

Vetniskolefni C10, arómatar, >1% naftalen					
	Gildi	Niðurstaða	Tími	Dýrategund	Aðferð
Eiturhrif	LL ₅₀	2-5 mg/l	96 klst	Fiskar	
Eiturhrif	EL ₅₀	3-10 mg/l	48 klst	Daphnia	
Eiturhrif	EL ₅₀	11 mg/l	72 klst	Þörungur	
Þrávirkni og niðurbrot		58%	28 d		Brotnar greiðlega niður

13. Förgun

13.1 Aðferðir við meðhöndlun úrgangs:

Vara	Farga skal efninu samkvæmt gildandi lögum og reglum. Úrgang af efninu skal merkja vel og koma í spilliefnamóttöku. Tæmið umbúðir sem best. Skv. reglugerð nr. 184/2002 um skrá yfir spilliefni og annan úrgang er varan í eftirfarandi flokkum: 07 07 04 (aðrir lífrænis leysar, þvottalausnir og stofnlausnir) 14 06 03 (aðrir leysar og leysablöndur)
Óhreinar umbúðir	Óhreinar umbúðir skal meðhöndla eins og vöruna sjálfa. Hreinar umbúðir má endurvinnna. Notið vatn við hreinsun umbúða.

14. Upplýsingar um flutninga

ADR:	Varan flokkast ekki sem hættulegur farmur.
IMDG:	Varan flokkast ekki sem hættulegur farmur.
IATA:	Varan flokkast ekki sem hættulegur farmur.

15. Upplýsingar varðandi regluverk

15.1 Sértek ákvæði/löggjöf fyrir efnið eða blönduna vegna öryggis, heilbrigðis og umhverfis:

Varan fellur undir eftirfarandi reglugerðir: 1907/2006 (REACH), 1272/2008 (CLP), Íslenskar reglugerðir 888/2015 og 415/2014 (CLP).
VOC reglugerð (EB 2010/75) : 97,7% rokgyörn efn - 797,2 g/l

15.2 Efnaöryggismat:

Efnaöryggismat hefur ekki farið fram.

16. Aðrar upplýsingar

Texti allra hættusetninga sem vikið er að á þessu öryggisblaði

H302	Hættulegt við inntöku
H304	Getur verið banvænt við inntöku ef það kemst í öndunarveg
H312	Hættulegt í snertingu við húð
H332	Hættulegt við innöndun
H336	Getur valdið sljóleika eða svima
H351	Grunað um að valda krabbameini
H411	Eitrað lífi í vatni, hefur langvinn áhrif

Útgáfa/Dags: 1/06.06.2017

Öryggisblað þetta er þýtt af Gunnari Þórðarsyni efnaverkfræðingi.

Öryggisblað þetta er byggt á þeirri þekkingu sem fyrir liggur á útgáfudegi þess, um möguleg áhrif efnisins á heilsu, öryggi og umhverfi. Það felur ekki í sér neina ábyrgð á efniseiginleikum og á einungis við um vöruna eins og hún kemur frá seljanda. Það er alltaf á ábyrgð notanda vörunnar að nauðsynlegar öryggisráðstafanir séu gerðar og að þær séu í samræmi við gildandi lög og reglugerðir. Notkun vörunnar er á ábyrgð notanda. Atvinnurekendur bera ábyrgð á útgáfu notkunarleiðbeininga sem eiga við þeirra vinnuumhverfi.

Frumheimild:	LIQUI-MOLY GMBH SAFETY DATA SHEET according to Regulation (EC) No 1907/2006, Annex II 2813 DIESEL PURGE 500ML
Útgáfa:	2.10.2015 Útgáfa 0026
Kemur í stað:	20.10.2015 Útgáfa 0025